

Samþykkt um götu- og torgsölu í Reykjanesbæ

1. gr.

Tilgangur og almennar forsendur

Götu- og torgsala eflir bæjarbrag, glæður mannlíf og eykur fjölbreytni í starfsemi og þjónustu bæjarins. Slík sala stuðlar að áhugaverðu, litríkara og sjálfbæru samfélagi.

Samþykkt þessi gildir fyrir öll landsvæði í Reykjanesbæjar og er ætlað að tryggja að vel sé staðið að þessum málaflokki. Markmiðið er að sölustarfsemi fari fram í sátt við nærumhverfi sitt og að upplýsingagjöf sé skýr, aðgengileg og gagnsæ.

Umhverfis- og framkvæmdasvið Reykjanesbæjar (USK) fer með umsjón götu- og torgsölu og sér um leyfisveitingar, eftirlit og upplýsingargjöf í umboði umhverfis- og skipulagsráðs.

Götu- og torgsala tekur til hvers kyns tímabundinnar sölustarfsemi sem fer fram á landi Reykjanesbæjar, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og í almenningsgördum. Götu- og torgsala er leyfisskyld og eru leyfi gefin út í tilgreindan tíma af USK. Undir götu- og torgsölu fellur ekki námskeiðshald, kennsla, kynningar, sýningar, minniháttar góðgerðasala og viðburðir, hvort sem er í vögnum, bílum, gámum eða undir beru lofti.

Samþykkt þessi á ekki við um 17. júní, Ljósanótt og stærri viðburði á vegum Reykjanesbæjar. Götu- og torgsölu leyfishafa er gert skylt að víkja vegna stærri viðburða ef ekki hafa verið fengin leyfi sérstaklega fyrir þá viðburði.

Ávallt skal:

- Tryggja örugga og greiðfæra umferð vegfarenda.
- Tryggja aðgengi viðbragðsaðila, s.s. lögreglu og slökkviliðs.
- Tryggja aðgengi starfsmanna að salerni í grennd við sölusvæði ef opnunar tími er lengri en þrjár klukkustundir í senn.
- Gæta hreinlætis og sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé snyrtilegt og úrgangur sé flokkaður og honum fargað á endurvinnslustöð.
- Afla tilskilinna leyfa heilbrigðiseftirlits vegna sölu matvæla og leyfisskyldrar þjónustu.

Söluaðstaða getur m.a. verið í:

- Sölubílfreið.
- Söluvagni.
- Söluskála, tjaldi eða sölubás.
- Opnu rými undir berum himni, t.d. á borði, undir sólhlíf, á teppi eða sambærilegu.

Hægt verður að sækja um leyfi í minnst einn mánuð og mest 12 mánuði í senn. Fyrirkomulag úthlutunar söluleyfa byggir á „fyrstur kemur- fyrstur fær“. Í því felst að umsóknir verða samþykktar í þeirri röð sem þær berast. Leyfisveiting byggist einnig á mati á umsóknum þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi, vöruframboði og útliti söluaðstöðu. Lögð er áhersla á fjölbreytileika á hverju sölusvæði. Meginregla er að sölubifreiðar séu í bílastæðum en söluvagnar og önnur söluaðstaða á torgum, gangstéttum og í almenningsgörðum.

Á sölusvæði er hvorki gert ráð fyrir tengingum við fráveitu né vatnsveitu. Á einstaka sölusvæðum er boðið upp á tengingu við rafveitu.

2. gr.

Svæðaskipting götu- og torgsölu og afnot af landi Reykjanesbæjar

Í Reykjanesbæ eru 5 hverfi: Keflavík, Ytri-Njarðvík, Innri-Njarðvík, Ásbrú og Hafnir. Sjá kort í fylgiskjali 1. Eingöngu er hægt að sækja um á fyrir fram skilgreindum sölusvæðum, sjá skilgreind svæði á afmörkuðu korti í fylgiskjali 1. Meginregla er að fjarlægð söluaðstöðu skuli vera 20 m frá sambærilegum rekstri innan hverfasvæða.

3. gr.

Umsóknarferli, málsmeðferð umsókna

- Umsækjandi um götu- og torgsöluleyfi getur nálgast upplýsingar á heimasíðu Reykjanesbæjar.
- Leyfisveitandi auglýsir á heimasíðu Reykjanesbæjar að opnað hafi verið fyrir umsóknir um götu- og torgsöluleyfi.
- Sótt er um leyfi í gegnum „Mitt Reykjanes“ á heimasíðu Reykjanesbæjar.
- Eftir því sem að umsóknir berast frá og með tilteknum fyrir fram auglýstum degi eru þær auðkenndar með dagsetningu og tíma og móttaka staðfest.
- Við afgreiðslu umsóknar er stuðst við regluna „fyrstur kemur, fyrstu fær“.
- Forsendur fyrir notkun á bæjarlandi eru að viðbragðsaðilar s.s. lögregla, slökkvilið og sjúkraflutningar hafi þar ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfsskilyrði.
- Umsækjandi sem selja vill matvæli skal sækja um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum.
- Umsækjandi sem vill selja leyfiskylda þjónustu skal sækja um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglum um hollustuhætti nr. 903/2024.
- Umsækjandi sem selja vill merkingaskylda efnavöru s.s. snyrtivörur skal sækja um til Umhverfisstofnunar.

- Götu- og torgsölu leyfi gilda ekki á eftirfarandi stærri viðburðum; 17. júní, verslunarmannahelgi eða Ljósanótt og einnig ef um er að ræða sérstaka viðburði á vegum eða í samvinnu við Reykjanesbæ. Bent er á að hafa samband við Menningar- og þjónustusvið Reykjanesbæjar ef óskað er eftir söluleyfi fyrir stærri viðburði.

3.1 Götu- og torgsöluleyfi

Heimilt verður að sækja um söluleyfi í minnst einn mánuð og mest 12 mánuði í senn. Umsækjandi skal taka fram ósk um opnunartíma í umsókn sinni. Opnunartími er metin út frá staðsetningu, umhverfi og tekur meðal annars mið af áætlaðri landnotkun í aðalskipulagi.

Umsækjandi sem vill selja matvöru eða aðra leyfisskylda þjónustu ber að greiða fyrir leyfisveitingar Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Gjaldskrá götu- og torgsölu er aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar. Gjaldskráin er endurskoðuð árlega og tekur mið af breytingum á rekstrarkostnaði.

Á einstaka sölusvæðum er boðið upp á tengingu við rafveitu. Þar greiðir leyfishafi fast gjald fyrir rafmagnsnotkun og tengingu samkvæmt gjaldskrá götu- og torgsölu.

Umsækjandi sem fær vilyrði úthlutunarnefndar fyrir leigu á sölusvæði fær senda kröfu fyrir leigugjaldi sem greiða skal innan 10 daga. Berist leigugjald ekki innan tilskilins frests verður svæðinu úthlutað að nýja.

Ef umsóknir berast fyrir sölusvæði sem þegar hefur verið úthlutað þá er þeim umsóknum hafnað og umsækjendur upplýstir. Umsóknum án tilskilinna gagna og leyfa er hafnað.

Leyfisveitanda er heimilt að fella leyfi úr gildi hafi leyfishafi ekki hafið sölustarfsemi innan 21 dag frá undirritun samnings.

Eingöngu er hægt að sækja um á fyrir fram skilgreindum sölusvæðum, sjá skilgreind svæði á afmörkuðu korti í fylgiskjali 1.

Úthlutun byggir á tveimur meginþáttum:

1. Reglunni fyrstur kemur, fyrstur fær.
2. Kröfu um fjölbreytileika og mismunandi framboð á þjónustu.

Umsóknir verða samþykktar í þeirri röð sem þær berast fyrir hvert svæði sem sótt er um, þó með fyrirvara um fjölbreytni. Leyfisveiting byggist einnig á mati á umsóknum þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi, vöruframboði og útliti söluaðstöðu. Lögð er áhersla á fjölbreytileika á hverju sölusvæði.

- Í umsókn skal tilgreina ósk um staðsetningu og upplýsingar um söluvagn/bifreið, svo sem stærð, þyngd, staðsetningu söluops, lýsingu

vöruframboðs og útlit söluaðstöðu, sorpílát, orkugjafa og raforkuþörf (kW) þar sem við á.

3.2 Ósk um söluleyfi á óskilgreindum svæðum í eigu Reykjanesbæjar

Hægt er að sækja sérstaklega um afnot af landi Reykjanesbæjar utan skilgreindra sölusvæða götu- og torgsölu. Skilgreina þarf í umsókn óskir um landsvæði, stærð þess og staðsetningu, tímalengd afnota, fjölda söluaðila, vöruframboð, útlit og umgjörð sölu starfseminnar.

4. gr

Skyldur leyfishafa - Umgengni

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til leyfishafa:

- Umhverfi sölusvæðis skal haldið hreinu, þ.m.t. hvað varðar rusl og annan óþrifnað sem á uppruna sinn á útveitingasvæðinu og borist hefur í næsta nágrenni.
- Úrgangur skal flokkaður og honum fargað á endurvinnslustöð.
- Leyfishafi skal ávallt skila sölusvæði í sama ástandi og hann tók við því. Skemmdir á umhverfi sölusvæðis af völdum leyfishafa verða lagfærðar af USK á kostnað viðkomandi leyfishafa.
- Halda skal hávaða, ónæði og tónlistarflutning í lágmarki og taka tillit til nærumhverfis, sérstaklega ef íbúðarbyggð er í nálægð sölusvæðis.
- Fjarlægja skal allt sorp af sölusvæði og tryggja að umhverfi sölusvæðis sé snyrtilegt og hreint eftir lokun. Lágmarka skal ummerki um starfsemina eins og hægt er utan skilgreinds sölutíma.
- Leyfishafi skal annars snjómokstur og hálkuvárnir í nánasta umhverfi sínu, þannig að öryggi vegfarenda verði á hverjum tíma tryggt.
- Leyfisskírteini skal vera sýnilegt viðskiptavinum í söluaðstöðu.
- Óheimilt er að staðsetja bifreið á sölusvæði nema rétt á meðan tenging og aftenging á sér stað.

Verði misbrestur á ofangreindu getur Reykjanesbær að undangenginni viðvörun látið fjarlægja söluaðstöðu, látið hreinsa sölusvæðið á kostnað leyfishafa og fellt leyfi úr gildi.

5. gr

Útlit og merkingar

- Óheimilt er að setja upp hvers kyns auglýsingaskilti og merkingar varðandi söluaðstöðu utan við skilgreint sölusvæði. Skiltið má aðeins auðkenna viðkomandi sölustarfsemi og gilda þar um takmarkanir á stærð og útliti.

- Óheimilt er að hengja skilti eða aðrar merkingar í nærliggjandi tré, húsveggi, skilti, staura o.s.frv. Útstillingahlutir, skilti o.fl. mega ekki birgja sýn á opinber skilti eða búnað til umferðarstjórnunar eða hindra umferð vegfarenda í bænum.
- Útstillingarhlutir, skilti o.fl. mega ekki byrgja sýn á opinber skilti eða búnað til umferðarstjórnunar eða hindra umferð vegfarenda í borginni.

6 gr.

Almenn ákvæði og skilmálar

- Götu- og torgsöluleyfi er ekki hægt að framselja eða framleigja. Götu- og torgsölu er óheimilt að stunda annars staðar en leyfið kveður á um.
- Götu- og torgsala má ekki skerða öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar eða birgja glugga rekstraraðila á sölusvæðinu. Gerð er sú krafa að frí gangstéttarbreidd sé minnst 1,5 m.
- Áhersla er lögð á umhverfisvæna starfsemi:
 - Tryggja skal að ekki hljótist mengun af starfseminni.
 - Mælst er til að söluaðstaða sé flutt eftir stígum almenningagarða, gangstéttum og torgum með handafli eða þar til gerðum rafbúnaði.
 - Mælst er til að ekki séu notuð einnota áhöld úr plasti eða plastumbúðir, s.s. hnífapör, diskar, drykkjarrör, glös, pokar o.s.frv. eða notkun þeirra er takmörkuð eftir fremsta megni.
 - Mælst er til að notaðar séu umhverfisvottaðar vörur.
 - Gerð er krafa um að rusl sé flokkað bæði innan og utan söluvagns í þar til gerðar flokkunartunnur.
 - Lágmarka skal lausagang bifreiða í tengslum við flutning söluaðstöðu.

7 gr.

Uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis

Eftirfarandi ákvæði gilda um uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis:

- Leyfi getur að undangenginni viðvörðun verið felld úr gildi hafi leyfishafi brotið ákvæði þessarar samþykktar.
- Leyfi getur hvenær sem er verið afturkallað ef áform eru um að svæðið verði notað í opinberum tilgangi, skal þá endurgreiða leyfishafa eftirstöðvar leyfisgjalds.
- Leyfi getur verið afturkallað ef samfelld rof hefur myndast á sölustarfsemi í meira en 21 dag.
- Leyfishafa er gert skylt að víkja eða eftir atvikum laga sig að vega- og byggingaframkvæmdum og viðburðum á götu- og torgsölusvæðum sem geta leitt til tímabundins flutnings og/eða afturköllun leyfis. Leyfishafa skal tilkynnt

um slíkar ráðstafanir með fyrirvara. Ekki eru greiddar bætur fyrir tímabundna afturköllun á götu- og torgsöluleyfi vegna veghalds eða annarra verkefna veghaldara og landeigenda, t.d. þar sem lagnir eða leiðslur hafa brostið.

- Við uppsögn leyfis hvílir sú kvöð á leyfishafa að fjarlægja strax söluaðstöðu þ.m.t. alla fylgihluti og innréttingar af sölusvæðum. Ef verkið er ekki unnið innan tilgreinds tímafrests áskilur USK sér rétt til að framkvæma þá vinnu á kostnað viðkomandi leyfishafa.
- Leyfisgjald fæst ekki endurgreitt eftir að leyfi hefur verið gefið út, nema í þeim tilfellum sem fjallað er í 2. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Aðrar reglur og yfirvöld

- Götu- og torgsöluleyfi tekur ekki til sölu á 17. Júní, Ljósanótt og stærri viðburði á vegum Reykjanesbæjar. Menningar- og þjónustusvið svið ákveður staðsetningu og fyrirkomulag götu- og torgsölu á þeim hátíðum.
- Leyfishafar skulu hlíta gildandi lögum, reglum og viðmiðum sem ná yfir starfsemina og umgjörð hennar. Í þeim tilvikum sem starfsemin krefst frekari leyfa en götu- og torgsöluleyfis skal leyfisumsækjandi afla þeirra.
- Eftirlit er haft með leyfishöfum götu- og torgsölu. Óleyfisstarfsemi verður tilkynnt til lögreglu.

9. gr

Ágreiningur

Úrskurðarvald um ágreining vegna þessarar samþykktar hefur sviðstjóri Umhverfis- og framkvæmdarsviðs eða staðgengill hans eftir atvikum í samráði við skipulagsfulltrúa.

10. gr.

Gildistaka


Afgreitt Umhverfis- og skipulagsráði XX/XX 2025

Samþykkt af bæjarstjórn XX/XX 2025

Fylgiskjal 1.


Kort af skilgreindum sölusvæðum Reykjanesbæjar

1. Keflavík
2. Ytri-Njarðvík
3. Innri-Njarðvík
4. Ásbrú
5. Hafnir



Mynd 1 – Fimm hverfi Reykjanesbæjar sem hafa skilgreind sölusvæði

1. Keflavík



Mynd 2 - Keflavík yfirlitsmynd af sölusvæðum

Í Keflavíkur hverfinu eru skilgreind 7 sölusvæði með samtals 16 söluleyfum.


Sölu- svæðis nr.	Sölusvæði	Kort af sölusvæði
1.1	Grófin hafnarsvæði 2 Torgsöluleyfi Rafmagn: Nei	
1.2	Bakkalá við Íshússtíg 3 Torgsöluleyfi Rafmagn: Já (1 tengill) Viðburðarskápur (LS0113)	

1.3

**Hafnargata við
Aðalgötu**

2 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Já
(1 tengill)
Viðburðarskápur
(LS0124)




1.4

**Hafnargata við
Skólaveg**

2 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Já
(1 tengill)
Viðburðarskápur
(LS0127)

**Lóð í einkaeign
umsækjandi
snúi sér fyrst að
lóðarhafa.**




1.5

Skrúðgarður (Torg)

3 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Já
(8 tenglar)
Viðburðarskápar
(LS0102, LS0103,
LS0104, LS0105)




1.6

Skrúðgarður (Garður)

2 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Já
(1 tengill)
Viðburðarskápur
(LS0106)




1.7

Vatnaverönd bílplan

3 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Nei



Í Ytri-Njarðvíkur hverfinu eru skilgreind 2 sölusvæði með samtals 6 söluleyfum.



Mynd 3 - Ytri-Njarðvík yfirlitsmynd af sölusvæðum

**Sölu-
svæðis
nr.**

Sölusvæði


Kort af sölusvæði

2.1

Hljómahöll

3 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Nei




2.2


Fitjar

3 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Nei



Í Innri-Njarðvíkur hverfinu eru skilgreind 4 sölusvæði með samtals 8 söluleyfum.



Mynd 4 - Innri-Njarðvík yfirlitsmynd af sölusvæðum

**Sölu-
svæðis
nr.**

Sölusvæði

Kort af sölusvæði

3.1

Stekkjarkot

2 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Nei



3.2

Kambur

2 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Nei



3.3

Dalshverfi 1

2 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Nei



3.4

Dalshverfi 2

2 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Nei



Í Ásbrúar hverfinu er skilgreint 1 sölusvæði með samtals 2 söluleyfi.



Mynd 5 – Ásbrú yfirlitsmynd af sölusvæðum

**Sölu-
svæðis
nr.**

Sölusvæði


Kort af sölusvæði

4.1


Keilir

2 Torgsöluleyfi

Rafmagn: Nei



Í Höfnum er skilgreint 1 sölusvæði með samtals 2 söluleyfum.



Mynd 6 - Hafnir yfirlitsmynd af sölusvæðum

Sölu- svæðis nr.	Sölusvæði	Kort af sölusvæði
5.1	Kirkjuvogskirkja Bílaplan 2 Torgsöluleyfi Rafmagn: Nei	An aerial photograph of the Kirkjuvogskirkja area. A rectangular area in the bottom right corner is highlighted with a green border. The map shows a street intersection with labels 'Kirkjuból' and 'Hafnagata'. Other labels include 'Kirkjuvogur', 'Kirkjuvogskirkja', 'Sólhaki', and 'Vestfirðis'.

Gjaldskrá fyrir Götu- og torgsölu 2025

Lýsing	Eining	Verð kr.
Götu- og torgsöluleyfi	Mánaðarleyfi	32.000
Tenging við rafmagn	Rafveita mánaðargjald	15.000

47.000